

Nd.

12. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 30 19. júní 1922 [Skemmtanaskattur].

Flm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Aftan við lagagreinina bætist: né heldur héraðsmót ungmennafélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni stjórnar Ungmennasambands Borgarfjarðar. Í erindi því, er hér með fylgir og ritað hefir formaður sambandsins, hr. rithöfundur Þorsteinn Jósefsson á Signýjarstöðum, eru færðar fram ástæður fyrir þessari breytingu.

Fylgiskjal.

Þann 7. apríl 1936 fékk hreppsnefnd Borgarhrepps í Mýrasýslu heimild til að leggja skemmtanaskatt á skemmtanir, sem haldnar væru innan hreppsins, samkv. lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918.

Nú vill þannig til, að Ungmennasamband Borgarfjarðar heldur hið árlega héraðsmót sitt innan takmarka Borgarhrepps, eða að Ferjukoti í Borgarhreppi, og nær þessi heimild hreppsnefndarinnar því eins til héraðsmótsins sem annara skemmtana í hreppnum.

Þegar stjórn U. M. S. B. varð þess áskynja, að skattleggja átti héraðsmótið, fór hún þess á leit við hreppsnefnd Borgarhrepps, að hún veitti sambandinu undanþágu frá skattgreiðslu. Þessari beiðni var sýnjað, en sambandsstjórninni hinsvegar lofað því, að ef hún greiddi kr. 100.00 fyrir mótið 1936, skyldi frekari skatts ekki verða krafist fyrir það ár. Að þessum kosti gekk sambandsstjórnin, en jafnframt var henni gefið í skyn af hlutaðeigandi hreppsnefndaroddvita, að þessi ívilnun fengist varla oft. Má ungmennasambandið því húast við fullri skattálagningu þegar á árinu 1937, en skatturinn nemur allt að 20% af brúttótekjum mótsins. (Veitingar eru líklega undanteknar, en af þeim verður að greiða sérstakan veitingaskatt.)

Nú horfir málið þannig við, að ef 20% skattur (auk veitingaskatts) verður lagður á héraðsmót Borgfirðinga, en það er svo að segja eina tekjulind ungmennasambandsins, þá á sambandið um þrjá kosti að velja:

1. Að halda mótinu áfram á sama stað og borga skemmtanaskatt. En það myndi hinsvegar verða til þess, að hreinar tekjur af mótinu minnkuðu til stórra muna og starfsemi sambandsins væri lömuð í stórum stil.

2. Að flýja með mótið yfir í annan hrepp, og þannig að auka sambandinu erfiði og geipikostnað, með því að rífa byggingar og mannvirki, flytja það og byggja á nýjum stað. Auk þess hlyti skemmtanaskattshættan að vera yfirvofandi, því að samkv. núgildandi lögum getur hvaða hreppur sem er fengið heimild til að skattleggja skemmtanir innan sinna hreppstakmarka.

3. Að leggja héraðsmótið alveg niður. En það væri það sama og U. M. S. B. væri hætt að starfa, því að án fjármagns er því ekki unnt að starfa áfram.

Hvað Ungmennasambandi Borgarfjarðar viðvikur, kemur skemmtanaskatts-

álagning mjög hart og jafnframt ómaklega niður. Ungmennasambandið hefir frá því að það byrjaði að starfa verið einhver mesti og þarfasti menningarfélagsskapur í héraðinu, og menningarleg starfsemi þess hefir æ aukizt með ári hverju, meðal annars vegna þess, að tekjur sambandsins hafa farið vaxandi. Meðal þeirra mála, sem ungmennasambandið hefir frá fyrstu tíð haft með höndum, eru íbróttir og líkamsmenntun. Hefir það jafnan verið tengiliður milli ungmennafélaganna í íbróttamálum, styrkt þau til íbróttanámskeiða og íbróttakennslu, hvatt þau til aukinna íbróttaiðkana og árlega veitt nokkurt fé til íbróttaverðlauna. Auk þessa hefir það á hverju ári styrkt íbróttafélag Borgfirðinga, svo það gæti keppt á landsmótum í íbróttum. Árangurinn ætti öllum að vera kunnur, sem áhuga hafa fyrir íbróttum, meðal annars fyrir glæsilegan árangur í viðavangshlaupinu í Reykjavík. Slík sigursæl íbróttakeppni Borgfirðinganna á landsmótum ætti að verða til þess að glæða áhuga í öðrum byggðum landsins fyrir líkamsmennt og íbróttum.

Til heimilisiðnaðar og garðyrkju hefir ungmennasambandið á flestum árum veitt nokkurn styrk, og nú hefir það einnig byrjað á því að veita ungmennafélögum styrk til bókakaupa, en áður var fé veitt til að leiðbeina ungmennafélögum um niðurröðun bóka í bókasöfnum. Öll eiga þessi málefni ótvíræðan rétt á sér og sýna, hve starfssvið ungmennasambandsins er víðtækt.

Þegar héraðsskóli Borgfirðinga var byggður í Reykholti, færðist ungmennasambandið það þrekvirki í fang að taka að sér 20 þúsund króna greiðslu af áföllnum kostnaði. Þessi skuldabaggi hefir á undanfórnum árum að vísu verið þröskuldur í vegi fyrir öðrum framkvæmdum sambandsins, en hinsvegar orðið til þess að vekja ungmennafélögin til nýs lífs og áhuga fyrir menningarmálum þjóðarinnar. Ungmennasambandinu hefir tekizt úrlausn þessa fjárhagslega vandamáls svo vel, að skuldir hvíla orðið litlar á sambandinu, og þetta hefir vakið áhuga ungmennafélaga fyrir nýjum stórvirkum framkvæmdum, sem allar miða til aukinnar menningar.

Meðal þeirra mála, sem nú eru á döfinni í Ungmennasambandi Borgarfjarðar, er bygging húsmæðraskóla fyrir héraðið og bygging borgfirzks æskulýðsheimilis. Mun hvorttveggja að líkum eiga nokkuð langt í land, einkum vegna þess, hve fjármagn er lítið, — en hvað mundi verða, ef nettótekjur sambandsins minnkuðu um allt að helmingi, vegna óheilbrigðrar skattgreiðslu? Auk þessa, sem að framan er greint, hefir U. M. S. B. ákveðið að stofna til almenns fyrirlestranámskeiðs við Reykholtsskóla í samráði við skólanefnd skólans, og verður þetta námskeið haldið í vor að öllu forfallalaus. Einnig hefir U. M. S. B. hafizt handa með skuggamyndasöfnun af héraðinu, fegurð þess, þjóðvenjum, framkvæmdum, merkjum mönnum, merkjum stöðum, atvinnuháttum og öðrum framkvæmdum og menningu. Mun ungmennasambandið þannig ekki aðeins gera héraðinu ómetanlegt gagn með þessu starfi sínu, heldur er það og brautryðjandi á þessu sviði, því að vænta má, að önnur héraðasambönd og ungmennafélög taki þessa nýbreytni upp í framtíðinni. Er hinn fyrsti visir nú þegar kominn í framkvæmd með ca. 50 skuggamyndaplötum af borgfirzku landslagi.

Auk þessa, sem að framan er skráð, hefir Ungmennasamband Borgarfjarðar frá fyrstu tíð haft fjölda mála til meðferðar, sem ýmist hafa miðað til aukinnar borgfirzkrar menningar eða alþjóðlegra heilla. Þarf ekki annað en minnst á fé það, er það veitti til viðgerðar á Snorralaus, og margt fleira. Það má svo heita, að hverjum einasta eyri, sem U. M. S. B. hefir áskotnazi, hefir á einhvern hátt verið varið til aukinnar menningar og heilla. Af þessari ástæðu er það líka argasta órétti beitt, ef meiri eða minni hluti af tekjum þess yrði að fara í skattgreiðslur.

En nú er það vitað mál, að það er ekki U. M. S. B. eitt, sem á óréttlátan skemmtanaskatt vofandi yfir höfði sér. Öll ungmennafélög og ungmennasambönd á landinu geta búizt við slíkri skattálagningu, ef hlutaðeigandi hreppsnefndum býður svo við að horfa. Ef skemmtanir ungmennafélaganna yrðu almennt skattlagðar, yrði það óhjákvæmilega til þess að lama starfsemi ungmennafélaganna til mikilla muna, jafnvel eyðileggja hana með öllu. Hinsvegar er það vitanlegt, að víða á land-

inu hafa ungmennafélögin verið ekki veigalitill þáttur til viðhalds sveitanna. Þeim er það m. a. að þakka, að æskan hefir ekki með öllu horfið úr sveitunum; þau hafa gefið æskunni ný viðfangsefni til að sigra, ýms mikilsverð umhugsunarefni til dægrastyttingar í einverunni, og venjulega hafa það verið ungmennafélögin, sem hafa gengið fyrir stofnun lestrarfélaga, sundkennslu og öðrum iþróttaiðkunum til sveita, og stofnað til málfunda og skemmtana, og þannig uppfyllt að nokkru þarfir hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Nú er löggjöf landsins þannig háttáð, að ef hreppsnefndum sveitanna býður svo við að horfa, geta þær með þróngsýni sinni lamað þessa einu æskulýðsstarfsemi í sveitum, sem vinnur að alþjóðlegri menningu og viðreisn. En þetta þarf að breytast. Ungmennafélög og ungmennasambönd landsins þurfa og eiga að njóta laga-legrar verndar -- svo mikils virði hefir starfsemi þeirra verið til þessa — og þau eiga ekki að þurfa þess í framtíðinni að eiga allt sitt starf og alla sína framtíð komna undir duttlungum einstakra hreppsnefnda.

Signýjarstöðum, 15. febrúar 1937.

F. h. stjórnar Ungmennasambands Borgarfjarðar

Þorsteinn Jósefsson.